SIGLINGASTOFNUN

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/2568
komudagur 7.5.2008

Alþingi
Samgöngunefnd
Við Austurvöll
150 Reykjavík

Kópavogi, 05.05.2008
Tilv. 023
HJ

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Landeyjahöfn, 520. mál.**

Siglingastofnun Íslands vísar til bréfs samgöngunefndar dags. 29. apríl 2008, þar sem sent er til umsagnar stofnunarinnar frumvarp til laga um um Landeyjahöfn, 520. mál.

Siglingastofnun gerir ekki athugasemdir við efni frumvarpsins, enda leitaði samgönguráðuneytið umsagnar Siglingastofnunar þegar frumvarpið var í smíðum.

Þar sem hér er um frumvarp að ræða sem einungis tekur til einnar ferjuhafnar vill Siglingastofnun benda á nauðsyn þess að setja almennan lagaramma um þær ferjuhafnir og ferjubryggjur sem ríkissjóður veitir fjármuni til á fjárlögum. Hafnalög ná ekki til ferjubryggja. Þetta á til dæmis við um ferjubryggjur í Breiðafirði og Ísafjarðardjúpi.

Virðingarfyllst,
F.h. Siglingastofnunar Íslands,

Hermann Guðjónsson,
siglingamálastjóri

Siglingastofnun Íslands – Vesturvör 2 – 200 Kópavogur – Sími 560 0000 – Bréfsími 560 0060 – www.sigling.is